

## Die Geschichte der hl. drei Könige auf Altisländisch

En á þeirri tíð er Heródes var konungur á Jórsalalandi, þá kómu konungar þeir þangat, er miðk váru framvísir, til hans í Jórsalaborg, ok mæltu svá: “Hvar er sá konungur Gyðinga, er nýlega er borinn? Vér sáam stiornu hans í austri, ok fyrir því kómum vér hingat með giðfum at fœra honum, ok at biðia fyrir oss til hans.”

En síðan er Heródes heyrði mál þeira, þá ógladdisk hann, ok allir hinir agæztu menn, er með honum váru. Þá tók hann at samna saman öllum spekingum sínum, ok spurði þá at, hvar Krístr skyldi berask láta. En þeir sögðu honum: “Í Bethléem mun hann berask láta, svá sem spámaðr hafði mælt: ‘Þú Bethléem munt eigi vera minzt í höfuðborgum Gyðingalands, því at í þér mun berask láta sá hertogi, er frelsa mun allt kristit folk.’”

En síðan kallaði hann konunga leynilega til sín, ok spurði þá at vandlega, á hverri tíð þeir sá stiornuna, þá er þeir sögðu í frá. En síðan bauð hann þeim at fara til Bethléem, ok mælti svá við þá, at þeir skyldu vandlega spyria burðartíð sveinsins: “En síðan er þér finnið hann, þá fari þér aptr hingat ok segið mér, hvar hann er, því at ek vil ok þangat fara ok biðia fyrir mér.” Ok hæddi at í hug sér. En síðan er hann hafði við þá rædd, þa fóru þeir á braut. En stiarna sú, er þeir höfðu áðr sét, þá fór hon fyrir þeim til þess er hon kom yfir húsit, þat er sveininn var í. En síðan, er þeir sá stiornuna standa kyrra, þá fognuðu þeir miðk. En síðan gengu þeir inn, ok fundu þeir þar sveininn með Maria móður sinni, ok fellu til fóta honum ok báðu fyrir sér til hans. En síðan færðu þeir honum gíafar þær, er þeir höfðu þangat haft með sér, gull ok reykelsi ok smyrsl. En síðan er þeir hurfu aptr, þá sýndisk þeim engill guðs í svefni, ok mælti svá við þá, at þeir skyldu fara aðra götu aptr ok koma eigi til hans. En þeir gerðu svá sem hann bauð þeim.

(Aus der altnorwegischen Homilíubók, orthographisch ins Altisländische normalisiert).